

Skýrsla um gagnsæi 2026

Enor ehf.
Kt. 530612-2010
Hafnarstræti 53
600 Akureyri

www.enor.is

Efnisyfirlit

	Bls.
Inngangur	3
Upplýsingar um Enor ehf.	4 - 6
Lýsing á innra gæðaeftirlitskerfi	7 - 8
Óhæðisreglur	9
Fjárhagsupplýsingar og starfskjör eigenda	10
Einingar tengdar almannahagsmunum	11
Staðfestingar stjórnenda	12

Inngangur

Samkvæmt lögum um endurskoðendur og endurskoðun með vísan til ákvæða reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 537/2014 um sérstakar kröfur í tengslum við lögbundna endurskoðun á einingum sem tengjast almannahagsmunum, skulu endurskoðunarfyrirtæki sem hafa með höndum endurskoðun eininga tengdum almannahagsmunum árlega birta á vefsetri sínu skýrslu um gagnsæi.

Í skýrslu þessari koma fram þau atriði sem kveðið er á um í 13. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 537/2014 um sérstakar kröfur í tengslum við lögbundna endurskoðun á einingum sem tengjast almannahagsmunum

Upplýsingar um ENOR

Enor ehf. er endurskoðunarfyrirtæki sem var stofnað í júní 2012.

Við leggjum áherslu á að veita viðskiptavinum okkar faglega og góða þjónustu en þjónusta okkar felur m.a. í sér endurskoðun, reikningsskil, fyrirtækjaráðgjöf, skattaráðgjöf og bókhaldsþjónustu.

Hjá ENOR starfa sjö löggiltir endurskoðendur en heildarstarfsmannafjöldi félagsins var um 43 í ársbyrjun 2026.

Félagsform

Enor ehf. er einkahlutafélag með skráða starfsemi 70220, Viðskiptaráðgjöf og önnur rekstrarráðgjöf.

Enor ehf. hefur starfsleyfi sem endurskoðunarfyrirtæki frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu. Endurskoðendanúmer félagsins er EF-2012-005.

Lögheimili félagsins er að Hafnarstræti 53 á Akureyri en þar eru höfuðstöðvar félagsins. ENOR er einnig með starfsstöðvar í Reykjavík og á Húsavík.

Eignarhald

Enor ehf. er í eigu löggiltra endurskoðenda sem allir starfa hjá félaginu, en það eru:

- Arnór Orri Jóhannsson, löggiltur endurskoðandi. Sunnusmári 19, 201 Kópavogur.
- Björn Óli Guðmundsson, löggiltur endurskoðandi. Víðihvammur 25, 200 Kópavogur.
- Davíð Búi Halldórsson, löggiltur endurskoðandi. Vörðutún 1, 600 Akureyri.
- Hjörtur Bjarki Halldórsson, löggiltur endurskoðandi. Þrumutún 5, 600 Akureyri.
- Níels Guðmundsson, löggiltur endurskoðandi. Fannagil 30, 603 Akureyri.
- Ómar Davíðsson, löggiltur endurskoðandi. Fákahvarfi 10, 203 Kópavogi.

Upplýsingar um ENOR

Stjórnskipulag

Samkvæmt samþykktum félagsins fer hluthafafundur með æðsta vald í málefnum félagsins. Stjórn félagsins kemur fram fyrir hönd hlutahafa og ræður framkvæmdarstjóra sem hefur ábyrgð á daglegum rekstri félagsins.

Stjórn félagsins skipa:

Erling Tómasson, formaður stjórnar

Björn Óli Guðmundsson, meðstjórnandi

Níels Guðmundsson, meðstjórnandi

Framkvæmdarstjóri:

Davíð Búi Halldórsson

Upplýsingar um ENOR

Alþjóðlegt samstarf

ENOR er aðili að Praxity sem eru alþjóðleg samtök (e. alliance) sjálfstæðra endurskoðunar- og ráðgjafafyrirtækja. ENOR er sjálfstæður tengiliður Praxity á Íslandi.

Með aðild að Praxity getur ENOR tryggt viðskiptavinum sínum faglega þjónustu, staðbundna þekkingu um allan heim og góðan stuðning í alþjóðlegum viðskiptum.

Nánari upplýsingar um Praxity má finna á heimasíðu samtakanna, www.praxity.com.

Praxity AISBL is a global alliance of independent firms. Organised as an international not-for-profit entity under Belgium law, Praxity has its executive office in Epsom. Praxity – Global Alliance Limited is a not-for-profit company registered in England and Wales, limited by guarantee, and has its registered office in England. As an Alliance, Praxity does not practice the profession of public accountancy or provide audit, tax, consulting or other professional services of any type to third parties. The Alliance does not constitute a joint venture, partnership or network between participating firms. Because the Alliance firms are independent, Praxity does not guarantee the services or the quality of services provided by participating firms.

Lýsing á innra gæðaeftirlitskerfi

Í samræmi við 18. gr. laga 94/2019 hefur ENOR á að skipa gæðakerfi sem heldur utan um ábyrgð, verklag og framkvæmd gæðamála hjá félaginu ásamt þeim siða- og verklagsreglum sem félagið hefur sétt sér. Innra gæðaeftirlitskerfi félagsins er sett upp í samræmi við kröfur í gæðastaðlinum ISQM1, sem er hluti af alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum (ISA) sem gefnir eru út af IAASB. Gæðaeftirlitskerfið tekur einnig mið af gildandi siðareglum endurskoðenda (IFAC Code of Ethics og siðareglum FLE) og alþjóðlegum staðli um gæðastjórnun í verkefnum, ISA 220. Gæðaeftirlitskerfið inniheldur þá meginþætti sem gæðaeftirlitskerfi skulu innihalda samkvæmt ISQM1.

Áhættumat
Félagið hefur innleitt áhættumatsferli og sett sér markmið í gæðamálum. Við höfum greint þær helstu áhættur sem að við teljum að gætu ógnað þeim gæðamarkmiðum sem við höfum sett okkur og sett fram viðbrögð við þeim í gæðakerfinu.

Ábyrgð
Framkvæmdastjóri og yfirmaður endurskoðunar bera sameiginlega ábyrgð á gæðakerfinu og gæðamálum almennt hjá félaginu. Stjórnskipulag félagsins er einfalt og boðleiðir stuttar.

Óhæði og siðareglur
Verklagsreglur um framkvæmd og eftirlit endurskoðunarverkefna gera kröfu um að allir starfsmenn Enor sem koma að endurskoðun fylgi siðareglum og staðfesti óhæði sitt í einstökum verkefnum. Árlega er einnig óskað eftir staðfestingu frá starfsfólki um að það hafi yfirfarið og kynnt sér siða- og óhæðisreglur félagsins.

Samþykkt verkefna og frammistaða í verkefnum
Verklagsreglur um framkvæmd og eftirlit endurskoðunarverkefna taka á þeim atriðum sem og öðrum þeim skilyrðum sem þurfa að vera til staðar til þess að Enor geti tekið að sér verkefni fyrir viðskiptavini sína. Verklagsreglur félagsins snúa einnig að gæðum og samræmdri framkvæmd endurskoðunarvinnu.

Mannauðsmál og aðrar auðlindir
ENOR hefur sett upp mannauðsstefnu sem tekur á markmiðum fyrirtækisins varðandi mannauðsmál. Umsjónarmaður mannauðsmála heldur utan um endurmenntun starfsmanna og setur í því sambandi upp námskeiðsáætlun sem ætlað er að tryggja það að faglegri þekkingu sé viðhaldið með fullnægjandi hætti. Haldið er utan um mannaflsþörf útfrá verkefnastöðu hverju sinni og einnig að til staðar séu önnur tæki og tól, þmt. endurskoðunarhugbúnaður sem getur haldið utan um verkefnin okkar með fullnægjandi hætti.

Upplýsingar og samskipti
Við höfum sett okkur markmið varðandi upplýsingagjöf og samskipti sem að styðja við árangursríka framkvæmd endurskoðunarverkefna. Stuttar boðleiðir og góður aðgangur starfsmanna að umsjónarmönnum verkefna skipta miklu máli í framkvæmd endurskoðunar hjá okkur.

Lýsing á innra gæðaeftirlitskerfi

Ytra gæðaeftirlit

Samkvæmt 31. gr. laga nr. 94/2019 um endurskoðendur og endurskoðun, er endurskoðendum eða endurskoðunarfyrirtækjum skylt að sæta gæðaeftirliti á grundvelli áhættugreiningar eigi sjaldnar en á sex ára fresti. Endurskoðendur eða endurskoðunarfyrirtæki sem annast endurskoðun eininga tengdum almannahagsmunum skulu sæta gæðaeftirliti eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti. Ytra gæðaeftirlit er á vegum Endurskoðendaráðs og er til viðbótar því innra gæðaeftirlit sem framkvæmt er innan fyrirtækisins.

Endurskoðendur ENOR og gæðakerfi félagsins sættu ytra gæðaeftirliti síðast á árinu 2023 sem lauk með niðurstöðum frá Endurskoðendaráði í júní 2024.

Endurmenntun

ENOR er þekkingarfyriræki og því leggjum við mikið upp úr því að starfsmenn okkar viðhaldi og efli sína sérfræðiþekkingu. Hjá félaginu er unnið eftir ákveðinni endurmenntunarstefnu en útfrá henni er árlega unnin námskeiðs- og endurmenntunar-áætlun til þess að mæta þeirri þróun sem á sér í starfsgreininni auk þess að mæta þeim kröfum sem gerðar eru um endurmenntun í lögum um endurskoðendur.

Fræðslumál hjá ENOR eru á ábyrgð ákveðins aðila, fræðslustjóra, sem í samráði við sviðstjóra og framkvæmdastjóra félagsins setur upp fræðsluáætlun hvers árs.

Starfstími endurskoðenda

Sviðsstjóri endurskoðunarsviðs ENOR heldur utan um starfstíma endurskoðenda og lykilstarfsfólks í endurskoðunarverkefnum. Árlega er farið yfir starfstímann og tekin ákvörðun um samsetningu endurskoðunarteyma í verkefnum. Þetta er gert þar sem fylgja þarf ákvæðum laga og reglna um hámarkstíma áritunarendurskoðenda í verkefnum.

Óhæðisreglur

Verklagsreglur okkar um framkvæmd og eftirlit endurskoðunarverkefna setja fram óhæðisskilyrði og það verklag sem fylgja þarf ef óhæði er ógnað eða vanhæfi kemur upp.

Endurskoðunarfyrirmæli okkar um könnun á óhæði á skipulagningarstigi kveða á um að endurskoðandinn skuli kanna aðra vinnu sem unnin er fyrir viðkomandi viðskiptavin og hvort sú vinna stangist á við þá endurskoðunarvinnu sem fyrirhuguð er.

Ákvæði um óhæði, þagnarskyldu og meðferð trúnaðarupplýsinga eru í ráðninga-samningum starfsmanna. Árlega er óskað eftir staðfestingu frá starfsfólki um að það hafi yfirfarið og kynnt sér óhæðisreglur félagsins og hvort starfsfólk uppfylli skilyrði óhæðisreglna gagnvart þeim verkefnum sem það hefur tekið að sér á undangengnu ári.

Verklagsreglur um framkvæmd og eftirlit endurskoðunarverkefna taka einnig á þagnarskyldu starfsmanna í endurskoðunarverkefnum og meðferð trúnaðarupplýsinga. Ákvæði um þagnarskyldu og meðferð trúnaðarupplýsinga eru í ráðningarsamningum allra endurskoðunarverkefna félagsins.

Við leggjum okkur fram um að tryggja óhæði og trúnað, vernd og réttmæta notkun persónuupplýsinga og viljum að starfsfólk okkar, viðskiptavinir og þjónustuaðilar séu upplýstir um það hvernig við höldum utan um slíkar upplýsingar. Persónuverndarstefna ENOR er aðgengileg á heimasíðu fyrirtækisins.

Fjárhagsupplýsingar og starfskjör eigenda

Fjárhagsupplýsingar

Tekjur ENOR á fjárhagsárinu 2025 voru kr. 1.148,9 millj. Tekjur ársins 2025 skiptast þannig á milli endurskoðunar og annarrar þjónustu:

Endurskoðun – einingar tengdar almannahagsmunum: kr. 25,6 millj.
Endurskoðun – aðrir aðilar: kr. 204,1 millj.
Önnur þjónusta - til eininga í endurskoðun: kr. 181,9 millj.
Önnur þjónusta – til annarra aðila: kr. 736,9 millj.

Starfskjör eiganda

Starfskjör eiganda félagsins eru ákveðin af stjórn í byrjun hvers starfsárs. Starfskjör eigenda taka mið af stjórnunarlegri ábyrgð og vinnuframlagi.

Einingar tengdar almannahagsmunum

Samkvæmt 3. tl. 2. gr. laga nr. 94/2019 um endurskoðendur og endurskoðun eru eftirtaldir aðilar flokkaðir sem einingar tengdar almannahagsmunum:

a. Lögaðili sem er með skráð lögheimili á Íslandi og hefur verðbréf sín skráð á skipulegum markaði í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunar-samtaka Evrópu eða í Færeyjum.
b. Lífeyrissjóður sem hefur fullgilt starfsleyfi.
c. Lánastofnun eins og hún er skilgreind í lögum um fjármálafyrirtæki.
d. Félag sem hefur starfsleyfi til að reka vátryggingastarfsemi hér á landi samkvæmt lögum um vátryggingastarfsemi.
e. Lögaðili sem á fiskiskip með aflahlutdeild samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða og lögum um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og telst vera stórt félag í skilningi d-liðar 11. tölul. 2. gr. laga um ársreikninga. Einnig lögaðili sem hefur rekstrarleyfi samkvæmt lögum um fiskeldi og telst vera stórt félag í skilningi d-liðar 11. tölul. 2. gr. laga um ársreikninga.
f. Stórnotandi, dreifiveita eða flutningsfyrirtæki samkvæmt skilgreiningum raforkulaga sem telst vera stórt félag í skilningi d-liðar 11. tölul. 2. gr. laga um ársreikninga. Einnig lögaðili sem starfrækir raforkuver/virkjun samkvæmt skilgreiningu raforkulaga, eða hitaveitu samkvæmt skilgreiningu orkulaga, og telst vera stórt félag í skilningi d-liðar 11. tölul. 2. gr. laga um ársreikninga.
g. Lögaðili sem hefur flugrekstrarleyfi samkvæmt lögum um loftferðir og telst vera stórt félag í skilningi d-liðar 11. tölul. 2. gr. laga um ársreikninga.
h. Lögaðili sem hefur leyfi til rekstrar fjarskiptanets samkvæmt lögum um fjarskipti og telst vera stórt félag í skilningi d-liðar 11. tölul. 2. gr. laga um ársreikninga.
i. Lögaðili sem sinnir farmflutningum samkvæmt siglingalögum og telst vera stórt félag í skilningi d-liðar 11. tölul. 2. gr. laga um ársreikninga.

Eftirfarandi er skrá yfir einingar tengdar almannahagsmunum sem ENOR annaðist lögboðna endurskoðun fyrir vegna ársreiknings 2025:

Garðabær
Mosfellsbær
Norðurþing
Sparisjóður Þingeyinga ses

Staðfestingar stjórnenda

Í skýrslu Enor ehf. um gagnsæi koma fram öll þau atriði sem kveðið er á um í 13. gr. reglugerðar nr. 537/2014

Stjórn og framkvæmdastjóri Enor ehf. staðfesta samkvæmt þeirra bestu vitund að í skýrslunni komi fram öll þau atriði sem kveðið er á um í 13. grein reglugerðar nr. 537/2014.

Stjórnendur félagsins lýsa því yfir að skilvirkni innra gæðaeftirlitskerfis Enor sé í samræmi við ákvæði framangreindra reglna. Stjórnendur félagsins staðfesta jafnframt að þeim óhæðisreglum sem félaginu ber að fylgja og lýst er í skýrslunni hafi verið framfylgt.

Stjórn Enor ehf.

Framkvæmdastjóri Enor ehf.